

Grænfánaskýrsla

Leikskólinn Hálsaskógur
Maí 2024



Pema: Orka og vatn

Haust 2021 – Vor 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Umhverfisnefnd.....	2
Mat á stöðu umhverfismála	3
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Vatnið í umhverfi okkar.....	7
Vatn sem auðlind	8
Orka.....	8
Ljósið.....	8
Hafið.....	9
Skógardagurinn	10
Eftirlit og endurmat.....	11
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá.....	11
Kynning á stefnunni	12
Umhverfissáttmálinn	13
Lokaorð	14
Fylgiskjöl	15

INNGANGUR

Leikskólinn Hálsaskógur sækir nú um sinn níunda grænfána eftir þriggja ára grænfánatímabil. Ástæða þess að svo langur tími hefur liðið er litað af ýmsum ástæðum en helst þó þeirri að yngri húsið okkar fór í framkvæmdir vegna rakaskemmda sem er nú viðeigandi þegar þemað er orka og vatn. Yngri deildirnar okkar fengu aðstöðu í Ævintýraborg í Vogabyggð og fluttust þangað í janúar 2023. Seigla og þrautseigja starfsfólks í gegnum þennan ólgusjó hefur verið ótrúleg og verkefnin sem spegla má í þessu þema fjölbreytt og skemmtileg.

Síðasta grænfána fengum við afhentan við hátíðlega athöfn þann 1.júlí 2021 en þann dag á Leikskólinn Hálsaskógur afmæli. Við sækjum um að fá næsta grænfána afhentan sama dag núna árið 2024 þegar sameinaði leikskólinn okkar verður 13 ára.



UMHVERFISNEFND

Umhverfisnefndin hefur tekið litlum breytingum á þessu grænfánatímabili þar sem sama áhugasama fólkið sækir sæti í nefndinni og það er einmitt drifkrafturinn á bak við starfið okkar í anda Skóla á grænni grein. Tvær úr nefndinni hættu störfum hjá okkur sökum aldurs á síðastliðnu skólaári og viljum við nýta tækifærið hér til að þakka þeim fyrir vel unnin störf í þágu sjálfbærnimenntunnar í Hálsaskógi síðan samstarf hófst við Landvernd og við fengum afhentan okkar fyrsta grænfána árið 2004. Þær heita Jónína Guðný Bjarnadóttir og Una Sigurðardóttir og verður það okkur kappsmál að halda þeirra heiðri á lofti með áframhaldandi áherslur á umhverfismennt og útinám í okkar starfi með börnunum.

Því miður hefur umhverfisnefnd ekki verið nógu dugleg að hittast og orsakast það af tveimur starfsstöðum í sitthvorum enda bæjarinns en einnig hefur stytting vinnuvikunnar gert það að verkum að lítið ráðrúm gefst til samræðna og ígrundunar hjá starfsfólki almennt. Fáir nefndarfundir hafa verið haldnir en ef tækifæri gefst að þá setjum við umhverfisnefndina og skemmtinefndina í forgang. Dæmi um fundagerð umhverfisnefndar er í viðauka (5).

Umhverfisnefnd barna eru elstu börnin í leikskólanum hverju sinni og er dæmi um fundagerð í viðauka (6). Mismunandi hópar eru boðaðir til funda en markmiðið er að hvert barn sitji einn umhverfisnefndarfund barna.

MAT Á STÖÐU UMHVERFISMÁLA

Haustið 2021 var kosið um næsta þema (viðauki 1) og úr varð að við ákváðum að vinna með þemað *Orka og vatn*. Þetta þema er heldur vítt og fyrsta skrefið var að við á að sér efni og ná utan um viðfangsefnið. Á fyrsta skipulagsdegi haustsins fór allt starfsfólk í heimsókn í Hellisheiðavirkjun en þar fer fram framleiðsla á raforku. Þetta viðfangsefni er mörgum hulið og því mjög gott start að hefja leika á þessari heimsókn. Við komumst að því að almennt séð veit fólk ekki mikið um það hvernig raforka er framleidd.

Farið var yfir Umhverfismat barna (viðauki 4) með hóp af elstu börnunum á tveimur deildum og 4 ára börnum á einni deild. Hér verður upptalið hluti af því sem vakti athygli barnanna þegar viðfangsefnin voru skoðuð í leikskólanum.

- Við þurfum að vanda okkur að slökkva ljósin þegar það er bjart úti til að eyða ekki óþarfa rafmagni.
- Hvert fer kúkurinn og pissið þegar við sturtum niður úr klósettinu?
- Fiskarnir eru í sjónum og kannski líka sæskrímsli og hafmeyjur.
- Rigningin er vatn og það er gaman að leika í rigningu. Stundum koma pollar.
- Vatnið fer í hring og upp á annað land.
- Vatn er gott að drekka. Við erum með brúsa með vatni í.
- Sund er líka vatn. Það er gaman í sundi. Þar er rennibraut.
- Vatn er glært og snjór er líka vatn.
- Það er mikill sjór í heiminum og sjórinn er með salt í sér.

ÁÆTLUN UM AÐGERÐIR OG MARKMIÐ

Markmið og aðgerðir fyrir tímabilið voru sett niður á skipulagsdegi með öllu starfsfólki (viðauki 2). Umhverfisnefndin fór yfir þemun og starfsfólk vann svo í smærri hópum að því að finna það sem hver hverjum og einum hópi þætti mikilvægast í starfinu okkar með börnunum. Í lokin voru öll atriðin tekin saman og komst hópurinn við að þeirri niðurstöðu að vinna út frá eftirfarandi markmiðum:

1. Að gera börnin meðvituð um vatnið í umhverfi sínu.
2. Að auka skilning barna á vatni sem auðlind.
3. Að auka skilning barna á nýtingu orku.
4. Að tengja orku og vatn við orkuþörf líkamans.
5. Að nýta áhugasvið barnanna og dýpka skilning á því sem vekur athygli þeirra.

Þessi markmið voru gerð sýnileg og hengd upp á öllum deildum.

Undirmarkmið voru sett niður fyrir hvert aðalmarkmið og er það í viðauka (3).

Margt hefur áunnist í starfinu en því miður hefur starfið orðið slitrótt vegna utanaðkomandi þátta sem við höfum ekki haft stjórn á. Allar deildir hafa þó lagt sitt af mörkum og má sjá mörg skemmtilega ólík verkefni á milli deilda. Dæmi um verkefni er t.d. verkefni um hringrás vatnsins sem var unnið mjög fljótlega eftir að þemað hófst.



Umræður og undirbúningur með hóp af 4-5 ára börnum.

Afrakstur vinnunnar var þetta fína veggspjald um hvernig vatnið fer í hring. Skemmtilegar umræður urðu hjá börnunum og þau veltu þessu fyrir sér í útiveru og viðfangsefnið varð hluti af leiknum. Þannig sáu við að verkefnið skilaði aukinni þekkingu til barnanna.



Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar á tímabilinu sem tengjast vatni; uppgufun, frosti, snjó og bráðnun.





Börnin læra um mismunandi form vatns og dýpka skilning sinn á því að þetta er alltaf sama efnið.



Stundum var gripið í það að sækja snjó inn og leika með dýrin í snjónum. Börnin urðu hissa þegar snjórinn breyttist í vatn þegar hann kom inn í hitann.

Við ræktum grænmeti og þetta blómkál óx svona vel af því að börnin voru svo dugleg að vökva það. Grænmeti þarf vatn til að vaxa alveg eins og við þurfum vatn til að vaxa og dafna vel.



VATNIÐ Í UMHVERFI OKKAR

Í janúar 2023 fluttist yngra húsið okkar í Ævintýraborg í Vogabyggð vegna rakaskemmda í öðru húsinu okkar. Nýtt svæði var því kannað og augun höfð opin fyrir vatni í nýja umhverfinu okkar. Hér koma nokkrar skemmtilegar myndir frá útinámi yngri barna vorið og sumarið 2023.



VATN SEM AUÐLIND

Þegar rætt er við börn um notkun vatns í daglegu lífi dettur þeim margt í hug. Fyrir utan það að við drekkum vatnið að þá förum við líka í sturtu og bað og notum vatn til að þvo okkur. Börnin á einni deildinni fóru að velta fyrir sér hvert kúkurinn og pissið fara úr klósettinu. Það var að sjálfsögðu gripið og farið í það að komast að því hvernig þetta á sér stað. Börnin lærðu því ýmis erfið orð eins og *skólp-hreinsi-stöð*.

ORKA

Deildirnar nálguðust viðfangsefnið skammtilega ólíkt enda um margt að velja. Eftir heimsókn starfsfólks í Hellisheiðavirkjun hafa einhverjar hugmyndir kviknað en jafnframt reyndum við sem best við gátum að grípa efnivið út frá hugmyndum barnanna. Forvitni rekur til upplýsingaöflunar og þekkingar og spurningarnar voru margar. Hér lærðu börnin líka nokkur erfið orð eins og til dæmis; *vatns-orku-ver*.

LJÓSIÐ



Sérstakt viðfangsefni var ljósið og ár hvert höldum við rafmagnslausan dag í byrjun janúar þegar það er dimmt hjá okkur megnið af deginum. Þá lærum við um ljósgjafa, dagsbirtu og grænálfar huga að því að slökkva ljós inni þegar dagsbirtu nýtur við. Vasasljós eru höfð með í för á rafmagnslausum deginum og börnin leika sér með ljós og skugga, liti og form.



HAFIÐ

Hafið er stór hluti af jörðinni og börnin hafa skoðað hnattlíkan og heimskort. Ísland er eyja og er umkringd hafi á öllum hliðum. Þegar þemað er vatn er eðlilegt að hafið beri á góma. Á flestum deildum var tekið tímabil í starfi með börnunum um það sem tengist heimshöfunum og ýmsar spurningar kviknuðu. Misdjúpt var kafað í viðfangsefnið en fiskar og sjávardýr urðu að viðfangsefni hjá mörgum og hreinsun sjávar og mengun í sjó bar líka á góma.



Börnin á einni deildinni gerðu hvert sinn fisk úr pappamassa. Niður úr hverjum fisk hangir rusl því við verðum að passa að ruslið fari ekki í sjóinn. Þá geta fiskarnir flækst í ruslinu.

SKÓGARDAGURINN

Skógardagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert í tengslum við barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar. Skógardagurinn er *opinn dagur* og eins konar uppskeruhátíð skólaársins. Við vinnum alltaf út frá þemanu í Skóla á grænni grein fyrir skógardaginn og í ár var áherslan á að dýpka okkur í viðfangsefni þar sem áhugasvið barnanna skín í gegn. Við höldum fast í lýðræðislega starfshætti í öllu starfinu og hver deild fann sína leið í þessu þema. Þetta ár var elsta árganginum boðið að taka þátt í opnunarhátíð Barnamenningarhátíðar og að syngja á tónleikum á Skógardaginn. Við fögnuðum því og upp kom sú hugmynd að gert yrði myndband af þeirri vinnu sem fram fór með elstu börnunum. Myndbandið var svo sýnt og sent heim til barnanna. Mörg verkefni litu dagsins ljós og Skógardagurinn tókst vel. Börnin voru dugleg að sýna gestum verkin og útskýra fyrir þeim. Hér eru nokkur sýnishorn af verkum barnanna sem til sýnis voru á Skógardaginn.



Vindmyllur



Veðrið og hringrás vatns



Fiskur



Ræktun



Sund

EFTIRLIT OG ENDURMAT

Markmið grænánans eru endurmetin reglulega á umhverfisnefndarfundum, deildarfundum, starfsmannafundum og farið yfir hvernig gengur. Markmiðin fyrir þemað um orku og vatn eru skýr og komið hefur í ljós að mun einfaldara er að vinna með vatnið en orkuna með svona ungum börnum. Hins vegar er það sköpunargleðin og hugmyndarflug bæði barna og starfsmanna sem skapar það starf sem er unnið og þetta tvennt er svo sannarlega til staðar í Hálsaskógi. Takturinn í leikskólastarfinu er þó að breytast í takt við breytta tíma og skipulag innan leikskólakerfisins. Aukin áhersla er á flæði og að grípa tækifærin þegar þau gefast. Þar sem starf út frá áherslum grænánans er fyrir löngu orðið okkar “stíll” og hefðir og starfshættir hafa að miklu mótast út frá áherslum Skóla á grænni grein erum við afar vel sett hvað þetta varðar. Við hlökkum til framhaldsins og veljum okkur nýtt þema haustið 2024.

Sumarið 2024 munum við nýta í útinám og að vinna með moltuna og góða ruslið ásamt því að leggja áframhaldandi áherslu á lýðræði barna og kanna okkar nánasta umhverfi með umhverfisvernd í fyrirrúmi.

NÁMSEFNISGERÐ OG TENGING VIÐ AÐALNÁMSKRÁ

Þau verkefni sem hafa litið dagsins ljós í þessu þema eru nokkur.

Læsi er einn af undirstöðu þáttum menntunar og við leggjum mikla áherslu á bernskulæsi í okkar starfi. Nokkur glæsileg læsisverkefni hafa litið dagsins ljós í tengslum við þemað og við munum deila einu verkefni inn í verkefnakistu Skóla á grænni græn. Það verkefni heitir *Krókódíllinn sem þoldi ekki vatn* og er unnið út frá samnefndri bók eftir Gemma Merino.





Sagan var lesin daglega í einn mánuð fyrir börnin sem eru á aldrinum 2-4 ára. Myndirnar úr bókinni voru ljósritaðar, plastaðar og hengdar upp á vegg í hæð barnanna. Krókódílar voru fönðraðir og áhersla var lögð á orðaforða og endursögn. Börnin lærðu söguna mjög vel og krókódíllaleikir voru áberandi á meðan á vinnunni stóð. Hér koma nokkrar myndir frá verkefninu sem við mælum eindregið með fyrir aðra. Þar sem myndirnar voru plastaðar hjá okkur eru þær tilbúnar

fyrir notkun aftur og aftur um ókomin ár.

Hér má sjá dæmi um endursögn 4 ára barns á sögunni.



KYNNING Á STEFNUNNI

Nýir foreldrar fá kynningu á leikskólanum áður en barn þeirra hefur nám hjá okkur og í þeirri kynningu er farið vel yfir faglegar áherslur leikskólans. Umhverfismennt skipar stóran sess í starfinu og tekur því töluvert pláss í þessari fyrstu kynningu. Grænánaskýrslur undanfarinna ára voru áður sýnilegar á heimasíðu leikskólans en nú þegar tímar heimasíðna eru liðnir eru þær ekki birtar opinberlega. Á heimasvæði leikskólans [Hálsaskógur | Reykjavík](#) er þessi texti um hugmyndafræði leikskólans:

“Krókódíllinn sem þoldi ekki vatn, svo fer hann... hann þolir ekkert vatn. Hann langaði að leika sér við bræður sína, fara í leik og hann gat ekki farið í kafið. Svo splasssss. Hjálp hjálp! Ummm, glúgg glúgg glúgg. Svo slökkvaðist myndin. Hann er ekki krókódill heldur dreki. Hann fékk vatn í nafið. Það kom reykur út um munninn á honum. Svo lokast bókin.”



Hugmyndafræði

Gildi Hálsaskógar eru *Leikur, virðing og vinátta*

Hálsaskógur notast við *Uppeldi til ábyrgðar og jákvæða sálfræði* sem byggist á að styrkja sjálfsmynd, efla seiglu og hafa þannig betra þol fyrir mótlæti. Í Hálsaskógi er rík hefð fyrir umhverfismennt, jafnt utandyra sem innan. Útinám er stór þáttur í starfinu og hefur leikskólinn grenndarsvæði til umráða í næsta nágrenni sínu. Hálsaskógur hefur nú fengið sinn áttunda Grænfána en Grænfánastarfið hefur verið viðvarandi síðan árið 2004.

Ítarlegri upplýsingar eru kynntar þeim foreldrahóp sem er hjá okkur hverju sinni. Við leggjum áherslu á gott upplýsingaflæði og deildastjórar senda föstudagspóst vikulega með upplýsingum um starfið og áherslur hverju sinni. Þannig fá þeir foreldrar sem vilja ágætis innsýn inn í starfið okkar. Nýtt hjá okkur er að bjóða upp á foreldraviku þar sem foreldrum er boðið að skrá sig á eina stund innan dagsskipulags með barninu sínu. Þá koma foreldrar með í það starf sem er á dagskrá hjá barninu þeirra þá vikuna.

Skógardagurinn er aðal kynningin útávið hvað snertir grænfánastarfið en hann er eins og áður hefur verið greint frá haldinn árlega í tengslum við Barnamenningarhátíð. Skógardagurinn er opinn dagur og gestum og gangandi býðst að líta við hjá okkur og kynna sér starfið en áherslur skógardagsins eru alltaf í tengslum við það þema sem við leggjum áherslu á hverju sinni. Á þessu ári var hluti verkefnanna gerð skil með rafrænum hætti. Hér er tengill á myndband elstu barnanna:

https://www.canva.com/design/DAGCHF3bo9w/RIAnUE1hrMLIPRE0vqk9_A/watch

UMHVERFISSÁTTMÁLINN

Umhverfissáttmálinn okkar er mikið stolt í okkar starfi en það er frumsamið lag sem hefur bætt við sig erindi með vísan í núverandi þema. Afrakstur síðasta grænfánatímabils bjó til fyrsta erindið og núverandi þema það síðara. Það var Þórir Garðarsson starfsmaður hjá okkur sem fékk orð og innlegg frá börnunum til að smella saman í þennan skemmtilega texta og góða lag sem við syngjum reglulega og öll börn í Hálsaskógi kunna. Það er nú orðið hefð að syngja það við útskrift elstu barna úr leikskólanum og það hefur fest sig í sessi sem skólasöngur Hálsaskógar.

1.erindi

Jörðin er með blóm og gras

jörðin er með mosa og maðk.

Sól og vatn og skógardýr

kannski hafmeyjur og sæskrímsli.

Viðlag

Við erum góð við móður jörð

og alla hennar dýrahjörð.

Við tínum rusl og setjum tré

og vökvum svo þau verði stór og sterk.

2.erindi

Rigningin er blaut og blá

dropinn datt úr skýi í sjó.

Í pollunum við stöppum smá

svo flýgur dropinn upp á annað land.

LOKAORÐ

Virkilega skemmtilegt hefur verið að vinna að þessu þema bæði fyrir starfsfólk og börn. Við hlökkum til að halda áfram veginn og velja okkur nýtt þema á nýju skólaári. Verkefni Landverndar; Skóli á grænni grein gefur okkur gott aðhald og við njótum þess virkilega að taka þátt. Við erum stoltir þátttakendur verkefnisins og óhætt er að fullyrða að okkar helsta einkenni sem leikskóli er faglegt starf út frá markmiðum grænfánastarfsins. Starfið sem skapast í kringum þessi verkefni eru rauðu þræðirnir sem flétta saman allt hitt sem þarf að hafa í huga við menntun ungra barna.

FYLGISKJÖL

Viðhengi 1 Kosning um þema	Viðhengi 4 Umhverfismat barna
Viðhengi 2 Markmið og aðgerðir	Viðhengi 5 Dæmi um fundagerð umhverfisnefnd
Viðhengi 3 Undirmarkmið	Viðhengi 6 Dæmi um fundagerð umhverfisnefndar barna